

Reykjavík 8.6.2023

## Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um frumvarp til laga um meðferð einkamála og meðferð sakamála (frásögn af skýrslutöku), 923. mál.

Blaðamannafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um breytingu á meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (frásögn af skýrslutöku) og telur það samræmast ætlun löggjafans við upphaflega lagasetningu. Eins og Blaðamannafélagið hefur bent á skriflega til Alþingis telur félagið að túlkun dómara á framangreindum lögum sé þess eðlis að hún valdi skerðingu á tjáningarfrelsinu. Mikilvægt er að löggjafinn tryggji að lög séu með þeim hætti að eigi sé hægt að túlka þau á þann hátt að tjáningarfrelsið skerðist. Sé þörf á að breyta lögum til þess að tryggja megi að komið verði í veg fyrir það, er löggjafanum rétt og skylt að gera það.

Hinn 3. mars sl. voru fulltrúar eins fjölmiðils boðaðir fyrir dóm fyrir umfjöllun um tiltekið sakamál þar sem fram kom sú afstaða dómsins að umfjöllun þeirra kynni að varða hlutaðeigandi viðurlögum. Að gefnu þessu tilefni telur Blaðamannafélag Íslands rétt að áréttu að tjáningarfrelsi verða ekki reistar aðrar skorður en þær sem skýrlega er mælt fyrir um í lögum frá Alþingi og samrýmast lýðræðishefðum. Ákvæði í lögum sem takmarka tjáningarfrelsi verða ekki skýrð rýmra en orðalag þeirra og lögskýringargögn veita öruggt tilefni til.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/2008, eins og því ákvæði var breytt með breytingarlögum nr. 76/2019, er óheimilt að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutöku meðan á henni stendur. Í frumvarpi því sem varð að breytingarlögunum var samsvarandi ákvæði frumvarpsins orðað svo að óheimilt væri að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi „eða senda þaðan samtímaendursögn af skýrslutökum“. Þessu orðalagi var breytt í endanlegt horf að tillögu allsherjar- og menntamálanefndar, en sú breyting var m.a. skýrð með eftirfarandi hætti í álitni nefndarinnar:

„Þá kom fram það sjónarmið fyrir nefndinni að óljóst væri hvað félli undir að vera samtímaendursögn. Að mati meiri hlutans mætti skilgreina nánar hvað felst í því. Meiri hlutinn bendir á að það sem mestu máli skiptir í því sambandi er ef til vill ekki tegund miðlunar heldur innihald upplýsinga og tímasetning birtingar. Þannig að ef greint er frá því sem fram kemur í skýrslutöku áður en henni er lokið mundi það teljast samtímaendursögn, og gildir þá einu í gegnum hvaða miðil slíkt er gert. Þá telst það til að mynda ekki samtímaendursögn ef frétt er birt þegar skýrslutöku er lokið eða fréttamaður kemur í beina útsendingu og greinir frá því sem fram kom. Meiri hlutinn áréttar að ætlunin er einungis að þetta nái til þess sem fram kemur við skýrslutöku. Ætlunin sé ekki að hindra að greint sé frá því hvaða aðili sé að gefa skýrslu, svo dæmi sé tekið. Með hliðsjón af

framangreindu telur meiri hlutinn þó rétt að breyta orðalagi 2. og 18. gr. frumvarpsins í samræmi við framangreind sjónarmið þannig að í stað þess að nota hugtakið „samtímaendursögn“ komi fram að óheimilt sé að greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutöku á meðan á henni stendur.“

Af framanröktu verður ekki ráðið að orðalag 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/2008 eða lögskýringargögn að baki ákvæðinu gefi tilefni til að skýra ákvæðið rýmra en svo að það bann sem þar er mælt fyrir um vari meðan hlutaðeigandi skýrslutaka stendur yfir.

Þeirri afturför sem orðið hefur hér á landi á síðustu árum í vernd tjáningarfrelsis fjölmiðla verður ekki snúið við nema með atbeina handhafa allra þátta ríkisvalds sem fara í sameiningu með það hlutverk að tryggja fjölmiðlum eðlilegt starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að gegna því mikilvæga hlutverki sem þeir fara með í lýðræðissamfélagi. Blaðamannafélag Íslands beinir þeirri eindregnu áskorun til löggjafans að leggja sitt af mörkum til að tryggja að fjölmiðlar fái í reynd notið þess tjáningarfrelsis sem þeir eiga að njóta samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum. Þurfi að breyta lögum til þess að tryggja að túlkun laganna brjóti ekki gegn tjáningarfrelsinu – líkt og frumvarpi þessu er ætlað að gera – er það skýlaus skylda löggjafans að tryggja að slíkt nái fram að ganga.

F.h. Blaðamannafélags Íslands,



-----  
Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður.

Alþingi  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Kópavogi, 30. maí 2023

**Efni: Umsögn Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (frásögn af skýrslutöku), 923. mál.**

Vísað er til umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sem send var Dómarafélagi Íslands 8. maí sl.

Dómarafélag Íslands tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins að samfélagið hafi ríka hagsmuni af því að starfsemi dómstóla sé gagnsæ og fari fram fyrir opnum tjöldum. Jafnframt telur félagið að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um dómsmál til almennings og það sé til þess fallið að auka skilning á hlutverki og störfum dómsvaldsins sem að sama skapi sé til þess fallið að auka traust almennings til dómstóla. Dómarafélag Íslands bendir á hinn bóginn á að hagsmunir aðila að dómsmálum og hætta á sakarspjöllum geta gert það að verkum að takmarka verður fréttáflutning af dómsmálum. Af þeim sökum leggst félagið gegn frumvarpinu.

Ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála var breytt í núverandi horf með lögum nr. 76/2019 í því skyni að treysta réttaröryggi. Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum var áréttað að 3. mgr. 56. gr. laga nr. 91/1991 hefði að geyma þá mikilvægu reglu að hvert vitni skuli að jafnaði prófa sér án þess að önnur vitni hlýði á. Ákvæðinu væri ætlað að tryggja að framburður vitnis í dómsmáli mengist ekki af framburði annarra vitna sem þegar hefðu gefið skýrslu þannig að áhrif gæti haft a niðurstöðu dómsmáls. Ákvæði sama efnis er í 4. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómarafélag Íslands leggur áherslu á að framangreindar varúðarreglur séu til lítils ef vitni getur fylgst með því í gegnum fjölmiðla eða annars konar miðla hvað önnur vitni hafa borið fyrir dómi áður en það gefur skýrslu. Réttaröryggissjónarmið að baki tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 91/1991 og 88/2008, vegi þyngra en þau sjónarmið sem flutningsmenn frumvarpsins tefli fram. Þá er þess að gæta að í ákvæðinu er gert ráð fyrir að dómari geti veitt undanþágu frá banni við að greina frá skýrslum vitna.

Í athugasemdum með frumvarpinu er rakið að skýrslutökur af aðilum og vitnum við aðalmeðferð tiltekins máls í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrr í vetur hefðu tekið sjö vikur og hafi fjölmiðlum verið óheimilt að greina frá því sem fram kom við skýrslutökur allan þann tíma. Dómarafélag Íslands tekur fram að til algjörra undantekninga heyrir að skýrslur fyrir dómi taki svo langan tíma.

Fyrir hönd Dómarafélags Íslands,



Kristbjörg Stephensen

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 1. júní 2023  
Málsnúmer: DSS202305-0189/0.09

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (frásögn af skýrslutöku), 923. mál.**

Dómstólasýslan tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Dómarafélags Íslands um frumvarpið, dags. 30. maí 2023.

Eins og fram kemur í greinargerð með framangreindu frumvarpi er viðurkennt að takmarka þurfi aðgengi almennings að upplýsingum ef hagsmunir aðila eða hætta á sakarspjöllum krefjast þess. Þær takmarkanir á fréttáflutningi sem felast í gildandi ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/2008 byggja slíkum réttaröryggissjónarmiðum

Að mati dómstólasýslunnar myndu þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á framangreindum ákvæðum leiða til þess að ekki verður unnt að koma í veg fyrir að frumburður vitnis í dómsmáli mengist af framburði annarra vitna sem þegar hafa borið vitni. Þar með yrðu þau réttaröryggissjónarmið sem ákvæðin hvíla á fyrir borð borin.

Með vísan til framangreinds leggst dómstólasýslan gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri